

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 2.5.2023
Málsnúmer: 202303-0035
IAS

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu fyrir stækkun Keflavíkurflugvallar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 13. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu fyrir stækkun Keflavíkurflugvallar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrsluna og tekur undir þá niðurstöðu að áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla verði óverulega neikvæð. Til viðbótar við þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru fram til að draga úr árekstrarhættu fugla og flugvéla er æskilegt að nýframkvæmdir á þeim svæðum þar sem varp er þéttast hefjist utan varptíma.

Lúpína kemur fyrir á framkvæmdasvæðinu og er æskilegt að henni verði haldið í skefjum og að komið verði í veg fyrir frekari dreifingu hennar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

